

## BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR VORIÐ 2020



### KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á VORÖNN 2020

Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga á þriðjudögum og fimmtudögum á vorönn 2020. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sýnum klippur fyrir myndir til að útskýra kvikmyndatöku, tæknibrellur, vísanir í kvikmyndasöguna, greiningu á sviðsmynd og leik.

Við verðum að vanda með fjölbreytt úrval kvikmynda vorið 2020. Við sýnum Pocahontas og setjum hana í samhengi við sögulega viðburði og efstu bekki leikskóla og yngstu bekki grunnskóla. Temað í vor er fjölskyldan, aðbúnaður barna á framandi slóðum með verðlaunamyndunum Capernaum, Shoplifters og Stealing Rembrandt. Við tengjum við sýninguna í Þjóðleikhúsinu með Shakespeare in Love og sýnum Borgarljós Chaplins sem er ein frægustu myndum hans og sú rómantískasta.

Önnur rómantísk og áhugaverð mynd er Skipbrotismaður á tunglinu frá Suður-Kóreu um ungmenni sem búa bæði við sérkennilegar aðstæður; hann á eyðieyju og hún þjáist af víðáttufælni svo hún hefst við í íbúð sinni, en bæði tengjast á örlogaríkan hátt. Við könnum einstaka vináttu hinnar góðhjörtuðu geimveru og drengsins Elliot í E.T. og sérkennileg fjölskyldutengsl í Fantastic Mr. Fox. Á undan myndinni sýnum við klippu um kvikmyndagerð Wes Anderson.

Verðlaunamyndin Girl hefur vakið mikla athygli, þar sem við kynnumst hinn ákveðnu Löru sem ætlar sér að ná langt í ballettheiminum og leiðrétta kyn sitt, en mörg ljón eru í veginum. Við sýnum jafnframt fræga bíóklassík, To Kill A Mockingbird, byggð á sögu Nelle Harper Lee sem er skyldulesning í öllum framhaldsskólum.

Við sýnum áfram úr lykilkvikmyndum á undan sýningum til frekari fræðslu. Hér fyrir neðan má sjá dagskrána og umfjöllun um hverja mynd.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)



## Sýningarplan vegna skólasýninga vorið 2020

### JANÚAR

						1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
jan.	fim.	16-01-20	10:00	E.T.	5.-7.bekkur										
jan.	fim.	16-01-20	13:00	The Breadwinner	7.-10.bekkur										
jan.	þri.	21-01-20	10:00	Dagur krákanna	1.-4. bekkur										
jan.	þri.	21-01-20	13:00	Capernaum	9.-10.bekkur										
jan.	fim.	30-01-20	10:00	Pocahontas	1.-4. bekkur										
jan.	fim.	30-01-20	13:00	Castaway on the Moon	8.-10.bekkur										

### FEBRÚAR

feb.	þri.	04-02-20	10:00	Shakespeare in Love	8.-10.bekkur										
feb.	þri.	04-02-20	13:00	Girl/Stealing Rembrandt	10.bekkur/8.-10.b.										
feb.	þri.	11-02-20	10:00	Shoplifters/Castaway on the Moon	9.-10.bekkur/8.-10.b.										
feb.	þri.	11-02-20	13:00	To Kill a Mockingbird	8.-10.bekkur										
feb.	fim.	20-02-20	10:00	Borgarljós/The Breadwinner	4.-10.bekkur/7.-10.b.										
feb.	fim.	20-02-20	13:00	Fantastic Mr. Fox	5.-7.bekkur										

### VETRARFRÍ

### MARS

mars	fim.	05-03-20	10:00	Dagur krákanna	1.-4. bekkur										
mars	fim.	05-03-20	13:00	Shakespeare in Love	8.-10.bekkur										
mars	þri.	10-03-20	10:00	Fantastic Mr. Fox/Stealing Rembrandt	5.-7.bekkur/8.-10.b.										
mars	þri.	10-03-20	13:00	Castaway on the Moon	8.-10.bekkur										
mars	fim.	19-03-20	10:00	Pocahontas	1-4. bekkur										
mars	fim.	19-03-20	13:00	To Kill a Mockingbird/ The Breadwinner	8.-10.bekkur/7.-10.b.										
mars	þri.	31-03-20	10:00	Capernaum/Shakespeare in Love	9.-10.bekkur/8.-10.b.										
mars	þri.	31-03-20	13:00	The Breadwinner	7.-10.bekkur										

### PÁSKAFRÍ

### APRÍL

apr.	fim.	16-04-20	10:00	Girl	10.bekkur										
apr.	fim.	16-04-20	13:00	Borgarljós	4.-10.bekkur										
apr.	þri.	21-04-20	10:00	Dagur krákanna/E.T.	1.-4.bekku 5.-7.b.										
apr.	þri.	21-04-20	13:00	E.T.	5.-7. bekkur										
apr.	fim.	30-04-20	10:00	Fantastic Mr. Fox/The Breadwinner	5.-7.bekkur/7.-10.b.										
apr.	fim.	30-04-20	13:00	Stealing Rembrandt	8.-10.bekkur										

Ætlað þessum aldurshópi  
Getur hentað  
Ef tvær myndir eru á sama degi



## GRUNNSKÓLASÝNINGAR VORIÐ 2020

THE BREADWINNER 7.-10 bekkur

POCAHONTAS 1.-4. bekkur

DAGUR KRÁKUNNAR 1.-4. bekkur

BORGARLJÓŠ – Bíóklassík 4.10. bekkur

SHOPLIFTERS 9.-10. bekkur

SHAKESPEARE IN LOVE 8.-10. bekkur

GIRL 10. bekkur

STEALING REMBRANDT 8.-10. bekkur

FANTASTIC MR. FOX 5.-7. bekkur

CASTAWAY ON THE MOON 8.-10. bekkur

E.T. 5.-7. bekkur

CAPERNAUM 9.-10. bekkur

TO KILL A MOCKINGBIRD – Bíóklassík 8.-10. bekkur

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: oddnysen@gmail.com



THE BREADWINNER

7.-10.bekkur



**TEGUND OG ÁR:** Teiknimynd, drama, 2017

**LENGD:** 94 MIN

**FRAMLEIÐSLULAND:** KANADA, ÍRLAND, LÚXEMBOURG

**LEIKSTJÓRI:** Nora Twomey, **FRAMLEIÐANDI:** Angelina Jolie

**AÐALHLUTVERK:** Saara Chaudry, Soma Chhaya, Noorin Gulumgaus

**TUNGUMÁL:** Enska með enskum texta

Parvana er ellefu ára gömul stúlka sem býr með föður sínum, Nurullah, sem er kennari að mennt í Kabúl í Afghanistan árið 2001. Landið er undir stjórn talíbana og þegar Nurullah er handtekinn og borinn óréttmætum sökum, ákveður Parvana að dulbúast sem drengur og gerast fyrirvinna fjölskyldunnar.

Angelina Jolie framleiddi myndina ásamt leikstjóranum Noru Twomey sem er írskur teiknimyndahöfundur, leikstjóri, handritshöfundur og leikkona. Hún stofnaði Cartoon Saloon sem er írskt teiknimyndaver í Kilkenny og gerði meðal annars myndina Söngur hafsins.

The Breadwinner var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna og Golden Globe-verðlaunanna árið 2018.

POCAHONTAS

1.-4.bekkur



TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, 1995

LENGD: 81 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Mike Gabriel, Eric Goldberg

AÐALHLUTVERK: Mel Gibson, Linda Hunt, Christian Bale

Pocahontas gerist árið 1607 og segir frá ungri frumbyggjastúlku sem lifir áhyggjulausu lífi í Virginíu. Hún veltir fyrir sér hvort hún eigi að giftast staðföstum stríðsmanni sem faðir hennar valdi eða hvort forlögin hafi ætlað henni annað hlutskipti. Hún leitar ráða hjá vinum sínum og 4000 ára gömlum anda sem býr í gömlu tré.

Hópur landkönnuða leggur leið sína til nýja heimsins, eins og Ameríka var kölluð í þá daga, í leit að gulli og gersemum og í hópnum er hugrakkur hermaður sem heitir John Smith.

Pocahontas er þrítugasta og þriðja teiknimynd Walt Disney-fyrirtækisins í fullri lengd. Hún er fyrsta teiknimynd fyrirtækisins sem byggir á sannsögulegum atburðum og fjallar um samnefnda kvenhetju og kynni hennar af enskum sjóliða, John Smith.





TEGUND OG ÁR: Teiknimynd, 2012

LENGD: 96 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Frakkland

LEIKSTJÓRI: Jean-Christophe Dessaint

AÐALHLUTVERK: Jean Reno, Lorànt Deutch, Isabelle Carré, Claude Chabrol

TUNGUMÁL: Franska með íslenskum texta.

Dagur krákanna er stórbrotin teiknimynd um dreng sem elst upp í hjarta skógarins. Þar sem einu mannlegu samskiptin eru við einsetumanninn föður hans hefur drengurinn þróað með sér hæfileika til að sjá og fylgja leiðbeiningum andanna sem búa í skóginum.

Þegar faðir hans verður fyrir slysi neyðist drengurinn til að leita út fyrir skóginn og kemst í kynni við þorpsbúa, þar á meðal Manon litlu sem verður vinkona hans, hefjast ævintýrin fyrir alvöru.

Myndin hlaut heiðurstilnefningu á Gijón International Film Festival.



TEGUND OG ÁR: Þögul gamanmynd, 1931

LENGD: 87 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Charles Chaplin

AÐALHLUTVERK: Charles Chaplin, Virginia Cherrill, Florence Lee

TUNGUMÁL: Þögul með textaspjöldum

Borgarljós eru með frægustu myndum Chaplin en þar er sagt frá litla flækningnum sem verður ástfanginn af blindri blómasölustúlku. Hann ákveður að safna peningum til að stúlkan geti gengist undir aðgerð til að lækna blindu hennar og lendir þar með í ýmsum ævintýrum.

Þótt hljóðið væri komið til sögunnar þegar Chaplin hóf gerð myndarinnar, ákvað hann samt að hafa myndina þögla þar sem þróun hljóðvinnslu var skammt á veg komin. Í myndinni eru mörg fræg atriði, sér í lagi þegar Chaplin gerist hnefaleikari til að afla fjár handa blindu stúlkunni.

SHOPLIFTERS

9.-10.bekkur



TEGUND OG ÁR: Drama, 2019

LENGD: 121 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Japan

LEIKSTJÓRI: Hirokazu Kore-eda

AÐALHLUTVERK: Lily Franky, Sakura Andô, Mayu Matsuoka, Jyo Kairi

TUNGUMÁL: Japanska með íslenskum texta

Í þessari mynd segir frá mjög sérstakri fjölskyldu sem berst í bökkum fjárhagslega vegna stopullar atvinnu og lítilla tekjumöguleika. Þau neyðast því til að stela til að ná endum saman en dag nokkurn breytist líf þeirra þegar þau taka að sér litla stúlku sem þau finna aleina í köldu húsasundi. Í ljós kemur að ekki er allt sem sýnist innan fjölskyldunnar, en kærleikurinn og samheldni þeirra er einstök og snertir áhorfandann í hjartastað.

Leikstjóri myndarinnar, Kore-eda, hlaut Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes 2018.

„Kvikmynd full samúðar og samfélagslegrar meðvitundar sem er uppfull af meistaratöktum Kore-Eda. Kvikmynd sem stelar hjarta þínu “ –The Telegraph





TEGUND OG ÁR: Gamamynd, sögulegt drama, 1998

LENGD: 123 MIN

LAND: Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: John Madden, HANDRIT: Tom Stoppard

AÐALHLUTVERK: Gwyneth Paltrow, Joseph Fiennes, Geoffrey Rush

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Í tilefni af sýningu Þjóðleikhússins sýnum við kvikmynduðu útgáfuna af Shakespeare in Love. Will Shakespeare er þekkt skáld og leikari en berst í bökkum fjárhagslega. Hann selur tveimur leikhúsmönnum hugmynd að leikverki en á í erfiðleikum með að skrifa það. Hann kynnist ungri hefðarkonu, Violu de Lesseps, sem þráir að leika, en getur það ekki því á þessum tíma máttu aðeins karlmenn leika á sviði. Hún dulbýr sig sem karlmann og fer í áheyrnarprufu sem hún stenst með þrýði. Með henni og Shakespeare takast ástir og hugmyndin að rómantískasta verki sögunnar verður til.

Myndin hlaut sjö Óskarsverðlaun, fyrir bestu mynd, bestu leikkonu í aðallhlutverki, bestu leikkonu í aukahlutverki, besta handrit, listræna stjórnun, búninga og tónlist.



TEGUND OG ÁR: Drama, 2018

LENGD: 109 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Belgía og Holland

LEIKSTJÓRI: Lucas Dhont

AÐALHLUTVERK: Victor Polster, Arieh Worthalter, Oliver Bodart

TUNGUMÁL: Franska, flæmska og enska með íslenskum texta

Hin ákveðna 15 ára gamla Lara hefur einsett sér að verða atvinnuballerína, og með stuðningi föður síns þá ákveður hún að elta þann draum í nýjum skóla. Gremja og óþolinmæði unglingsáranna magnast upp hjá Löru þegar hún gerir sér grein fyrir því að líkami hennar beygist ekki eins auðveldlega eftir ströngum reglum ballettsins, en ástæður þess má aðallega rekja til þess að henni var úthlutað vitlausu kyni við fæðingu.

Girl byrjaði að sópa að sér verðlaunum á Cannes kvikmyndahátíðinni og hefur haldið sigurgöngunni áfram á virtustu kvikmyndahátíðir heims. Myndin var auk þess tilnefnd til Golden Globe verðlauna.

Með fulltrúum Samtökunum 78 og Geðhjálp.



TEGUND OG ÁR: Drama, hasar, 2003

LENGD: 104 MIN

LAND: Danmörk

LEIKSTJÓRI: Jannik Johansen, HANDRIT: Anders Thomas Jensen

AÐALHLUTVERK: Lars Brygmann, Jakob Cedergren, Nicolas Bro

TUNGUMÁL: Danska með íslenskum texta

Stealing Rembrandt segir frá feðgum sem eru smáþjófar. Þeir eru ráðnir til að stela málverki af listasafni, en ræna fyrir slysi málverki eftir Rembrandt sem er eina listaverkið eftir Rembrandt í eigu Danmerkur og er margra milljóna virði.

Myndin er byggð á sönnum atburðum, en 29. janúar 1999 var málverkinu „Portrait of a Lady“ eftir Rembrandt stolið í Danmörku.

Stealing Rembrandt var frumsýnd í Cannes árið 2003 og hlaut Bodilverðlaunin árið 2004.



TEGUND OG ÁR: Ævintýramynd, 2009

LENGD: 87 MIN

LAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Wes Anderson

AÐALHLUTVERK: George Clooney, Meryl Streep, Bill Murray.

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Myndin er byggð á skáldsögu eftir breska barnabókarhöfundinn Roald Dahl og segir frá ævintýrum refsins snjalla, Mr. Fox, eiginkonu hans Felicity og átökum þeirra við nágrannana. Fantastic Mr. Fox er gerð með aðferðum stop-motion tækni.

Anderson hefur mjög sérstakan stíl sem einkennir verk hans. Föt og hárgreiðslur eru áberandi, áhersla er lögð á leikmuni og atriðin eru mjög stílfærð. Hann notar tölvuhönnuð atriði og svokölluð fuglaskot sem er ofanskot úr mikilli hæð. Öll þessi atriði verða tekin fyrir og skoðuð í þessari skemmtilegu mynd.

CASTAWAY ON THE MOON - SKIPBROTSMANNAÐUR Á TUNGLINU  
8.-10 bekkur



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 2009

LENGD: 110 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Suður-Kórea

LEIKSTJÓRI: Hae-Jun Lee

AÐALHLUTVERK: Min-heu Hong, So-yeon Jang, Jae-yeong Jeong

TUNGUMÁL: Kóreska, enska- enskur texti

Skipbrotsmaður á tunglingu er hugljúf ástarsaga tveggja ungmenna sem tengjast á óvæntan hátt. Kim er ungur maður sem hafnar á eyju í fljóti sem rennur í gegnum heimaborg hans. Honum tekst ekki að vekja athygli á sér og þarf því að komast af einsamall.

Ung stúlka sem þjáist af félagsfærni og eyðir öllum stundum inni í íbúð sinni skoðar tunglið í sjónauka á næturnar og á tveimur dögum á ári þegar göturnar í Seoul tæmast vegna heræfingar ef Norður-Kórea skyldi ráðast á Suður-Kóreu. Unga stúlkan tekur þá eftir þessum einkennilega skipbrotsmanni sem fangar hjarta hennar. Myndin er sérlega frumleg og gamansöm með alvaregum undirtónum.



E.T.

5.-7.bekkur



TEGUND OG ÁR: Vísindaskáldsaga, drama 1982

LENGD: 115 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin,

LEIKSTJÓRI: Steven Spielberg

AÐALHLUTVERK: Henry Thomas, Drew Barrymore, Peter Coyote.

Myndin fjallar um samskipti einmana pilts, Elliots, við vinalega geimveru, sem verður viðskila við félagi sína og í lengist á jörðinni. Elliot finnur hana og fer með hana heim til sín. Brátt kemur í ljós að E.T. er ekki aðeins greind geimvera, hún er líka góðhjörтуð og með henni og Elliot tekst sérstæð vinátta. En E.T. vill komast heim og Elliot reynir að hjálpa henni, en þau lenda í vandræðum þegar yfirvöld fréttu af því að geimvera heldur til hjá fjölskyldu Elliot.

E.T. hefur heillað ung og gömul hjörту, enda er dýpri boðskapur í henni en ætla má við fyrstu sýn. Myndin er ádeila á fordóma gagnvart framandlegu fólki og í henni má finna kristileg tákni eins og upprisuna.



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, drama 2018

LENGD: 126 MIN

LAND: Líbanon, Frakkland, Bandaríkin

LEIKSTJÓRI: Nadine Labaki

AÐALHLUTVERK: Zain Al Rafeea, Yordanos Shiferaw, Boulewatife Treasure Bankole

TUNGUMÁL: Arabíska, amharíska með íslenskum texta

Tólf ára líbanskur drengur, Zain, kærir foreldra sína fyrir vanrækslu á meðan hann tekur út 5 ára fangelsisdóm fyrir ofbeldisfullan glæp. Zain er duglegur að komast af í fátækrahverfum Beirut, en þar hittir hann konu frá Eþíópíu, Rahil, sem veitir honum skýli og mat. Zain passar son hennar, Yonas, í staðinn. En Rahil er ólögleg í landinu og á allt undir glæpamönnum sem selja fölsuð vegabréf.

Capernaum hefur hlotið einróma gagnrýni og ferðast um heiminn á allar stærstu kvikmyndahátíðir veraldar. Margir leikarar myndarinnar eru sjálfir flóttamenn eða innflytjendur, þar með talinn hinn fjórtján ára gamli Zain Al Rafeea sem fer með aðalhlutverkið og hefur verið á flotta frá heimalandi sínu, Sýrlandi, síðan árið 2012. Stórmerkilegt verk frá Líbanon sem hefur verið tilnefnd til Óskars-, BAFTA and Golden Globe verðlauna árið 2019.

TO KILL A MOCKINGBIRD

8.-10.bekkur



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1962

LENGD: 129 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Robert Mulligan

AÐALHLUTVERK: Gregory Peck, John Megna, Frank Overton

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Myndin er byggð á Pulitzer-verðlaunabók Nelle Harper Lee frá árinu 1961. Atticus Finch er lögfræðingur í Alabama á fjórða áratug síðustu aldar, þegar aðskilnaður ríkir á milli hvíttra og svartra. Hann samþykkir að verja ungan svartan mann sem er ákærður fyrir að nauðga hvíttri konu. Margir þorpsbúa reyna að fá Atticus ofan af þessu, en hann ákveður að halda sínu striki. Hvernig mun réttarhaldinu vinda fram - og mun það breyta einhverju fyrir ástandið í kynþáttamálum í bænum?

To Kill a Mockingbird er bíóklassík eins og þær gerast bestar en myndin var tilnefnd til átta Óskarsverðlauna og hlaut þrenn, þar á meðal fyrir bestu kvikmynd og besta leik í aðalhlutverki (Gregory Peck).

## SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 16. JANÚAR KL. 10:00 – E.T.

FIMMTUDAGUR 16. JANÚAR KL. 13:00 – THE BREADWINNER

ÞRIÐJUDAGUR 21. JANÚAR KL. 10:00 – DAGUR KRÁKANNA

ÞRIÐJUDAGUR 21. JANÚAR KL. 13:00 – CAPERNAUM

FIMMTUDAGUR 30. JANÚAR KL. 10:00 – POCAHONTAS

FIMMTUDAGUR 30. JANÚAR KL. 13:00 – CASTAWAY ON THE MOON

ÞRIÐJUDAGUR 4. FEBRÚAR KL. 10:00 – SHAKESPEARE IN LOVE

ÞRIÐJUDAGUR 4. FEBRÚAR KL. 13:00 – GIRL/STEALING REMBRANDT

ÞRIÐJUDAGUR 11. FEBRÚAR KL. 10:00 – SHOPLIFTERS/CASTAWAY ON THE MOON

ÞRIÐJUDAGUR 11. FEBRÚAR KL. 13:00 – TO KILL A MOCKINGBIRD

FIMMTUDAGUR 20. FEBRÚAR KL. 10:00 – BORGARLJÓS/THE BREADWINNER

FIMMTUDAGUR 20. FEBRÚAR KL. 13:00 – FANTASTIC MR. FOX



## VETRARFRÍ

FIMMTUDAGUR 5. MARS KL. 10:00 – DAGUR KRÁKANNA

FIMMTUDAGUR 5. MARS KL. 13:00 – SHAKESPEARE IN LOVE

ÞRIÐJUDAGUR 10. MARS KL. 10:00 – FANTASTIC MR. FOX/STEALING REMBRANDT

ÞRIÐJUDAGUR 10. MARS KL. 13:00 – CASTAWAY ON THE MOON

FIMMTUDAGUR 19. MARS KL. 10:00 – POCAHONTAS

FIMMTUDAGUR 19. MARS KL. 13:00 – TO KILL A MOCKINGBIRD/THE BREADWINNER

ÞRIÐJUDAGUR 31. MARS KL. 10:00 - CAPERNAUM/ SHAKESPEARE IN LOVE

ÞRIÐJUDAGUR 31. MARS KL. 13:00 – THE BREADWINNER

PÁSKAFRÍ



FIMMTUDAGUR 16. APRÍL KL. 10:00 – GIRL

FIMMTUDAGUR 16. APRÍL KL. 13:00 – BORGARLJÓS

ÞRIÐJUDAGUR 21. APRÍL KL. 10:00 – DAGUR KRÁKANNA/E.T.

ÞRIÐJUDAGUR 21. APRÍL KL 13:00 – E.T.

FIMMTUDAGUR 30. APRÍL KL. 10:00 – FANTASTIC MR. FOX/THE BREADWINNER

FIMMTUDAGUR 30. APRÍL KL. 13:00 – STEALING REMBRANDT

Verkefnastjórn: Oddný Sen kvikmyndafræðingur

Skráningar: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)







## KVIKMYNDIR

**POCAHONTAS** – Teiknimynd, ævintýri byggt á sannsögulegum atburðum, saga frumbyggja í Bandaríkjunum, landkönnun, markmiðasetning, lífsleikni, hugrekki. 1.-4. bekkur.

**DAGUR KRÁKANNA** – Ævintýri, teiknimynd, franskar munnmælasögur, töfraverur, náttúra/borgarlíf, villibarn. 1.-4. bekkur.

**BORGARLJÓS** – Bíóklassík, myndir Chaplin, ástarsaga, blinda, fátækt, að vera utangarðs, þöglar myndir, grín, 4.-10. bekkur.

**E.T.** – Samband drengs við geimveru, óvenjuleg vinátta, framandlegar verur, vísindamenn, skilnaður í fjölskyldu, upprisan, kraftaverk, markmiðasetning. 4.-7. bekkur.

**FANTASTIC MR. FOX**– Myndir Wes Anderson, sérstakt fjölskyldumynstur, samband við nágranna, grín. 4.-7. bekkur.

**SHOPLIFTERS**– Fátækt í nútíma Japan, erfiðleikar á vinnumarkaði, atvinnuleysi, sérstök fjölskylda, samband föðurs og sonar, systkini, þjófnaður, samheldni, kærleikur. 9.-10. bekkur.

**CAPERNAUM** – Fátækt barna á framandi slóðum í Líbanon, lífsleikni, markmiðasetning, hugrekki í erfðum aðstæðum, flóttamannavandinn. 9.-10. bekkur.

**SHAKESPEARE IN LOVE**– Leiklist, skapandi skrif, William Shakespeare, Rómeó og Júlía, hvernig leikrit eru skrifuð og sett á svið, lífið á tímum Elísabetar I Englandsdrottningar, 8.-10. bekkur.

**STEALING REMBRANDT**– Sannsögulegir atburðir í Danmörku, sérkennileg fjölskyldutengsl, sættir fegða, Rembrandt, hasar, 8-10. bekkur.

**GIRL**: Ballett, transkona, ákveðni, markmiðasetning, einelti, að standa með sjálfum sér, Geðhjálp, 10. bekkur.

**CASTAWAY ON THE MOON** – Suður-Kórea, ástir ungmenna, víðáttufælni, tölvuheimurinn versus flöskuskeyti, afkomuhæfni, 8.-10. bekkur.

**TO KILL A MOCKINGBIRD** – Bíóklassík, aðskilnaðarstefnan í Suðurríkjunum, fordómar, réttlæti, lögfræði, byggt á minningum Nelle Harper Lee, 8.-10. bekkur.

SKRÁNINGAR: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)

